

Þjónustukönnun Haustönn 2013 - Niðurstöður

Þjónustukönnun VMA er gerð á 2ja ára fresti þar sem nemendur eru spurðir áhlits um ýmsa þætti í skólastarfinu aðra en kennslu í ákveðnum áföngum. Viðhorf nemenda til þjónustu skólans er mikilvægt innlegg í þróun skólastarfsins og er það er sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og stjórnenda VMA að stuðla að þróun og umbótum í skólanum. Niðurstöður þessarar könnunar er innlegg í þá þróun og umbætur sem unnið er að og samkvæmt gæðakerfi skólans. Könnunin var lögð fram í nóvember 2013 og fór fram í gegnum vefinn. Allir nemendur í dagskóla (1121) fengu tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. 342 svöruðu könnuninni sem er rétt rúmlega 30% svörun.

1. Þegar á heildina litið er ég ánægð(ur) í skólanum.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	31,6%	108
Frekar sammála	48,5%	166
Hvorki sammála né ósammála	13,5%	46
Frekar ósammála	4,4%	15
Mjög ósammála	2,0%	7
Veit ekki/ á ekki við	0,0%	0
answered question		342
skipped question		0

2. Í skólanum líður mér vel.

Answer Options	Response Percent	Response Count
(Næstum) alltaf	41,6%	142
Nokkuð oft	45,7%	156
Frekar sjaldan	8,5%	29
(Næstum) aldrei	2,6%	9
Veit ekki/ á ekki við	1,5%	5
answered question		341
skipped question		1

3. Ég finn fyrir kvíða í skólanum.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög oft	8,6%	29
Frekar oft	14,7%	50
Ekki svo oft	22,1%	75
Frekar sjaldan	18,0%	61
Mjög sjaldan	30,1%	102
Veit ekki/ á ekki við	6,5%	22
answered question		339
skipped question		3

4. Það skiptir mig máli að standa mig vel í náminu.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	62,7%	212
Frekar sammála	28,4%	96
Hvorki sammála né ósammála	7,7%	26
Frekar ósammála	0,9%	3
Mjög ósammála	0,3%	1
Veit ekki/ á ekki við	0,0%	0
answered question		338
skipped question		4

5. Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	41,0%	139
Frekar sammála	35,4%	120
Hvorki sammála né ósammála	14,7%	50
Frekar ósammála	5,3%	18
Mjög ósammála	2,1%	7
Veit ekki/ á ekki við	1,5%	5
answered question		339
skipped question		3

6. Ég fæ almennt hvatningu frá starfsfólki skólans til að standa mig vel í náminu.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	23,3%	79
Frekar sammála	36,3%	123
Hvorki sammála né ósammála	24,8%	84
Frekar ósammála	7,1%	24
Mjög ósammála	5,3%	18
Veit ekki/ á ekki við	3,2%	11
answered question		339
skipped question		3

7. Góður náms- og starfsandi er almennt ríkjandi innan VMA.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	20,5%	70
Frekar sammála	41,3%	141
Hvorki sammála né ósammála	26,1%	89
Frekar ósammála	6,7%	23
Mjög ósammála	3,2%	11
Veit ekki/ á ekki við	2,1%	7
answered question		341

8. Ég hef hugsað um að hætta í skólanum á þessari önn.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Nei, alls ekki	69,5%	237
Hef velt því fyrir mér	27,6%	94
Já, mjög ákveðið	2,9%	10
answered question		341
skipped question		1

Þeir sem svörðuðu sp. 8 Hef velt því fyrir mér eða með já voru beðnir um að nefna ástæður þess og svör þeirra flokkuð.

9. Hverjar eru helstu ástæður þess að þú hefur hugsað um að hætta í skólanum?

Answer Options	Response Count
	90
answered question	90
skipped question	252

Helstu ástæður voru:

Námsleiði	33
Andleg vanlíðan eða veikindi	19
Annað	17
Fara aftur í heimabyggð	6
Ætlar í annan skóla	5
Námsárangur og mætingar	3
Fjárhagslegar ástæður	3
Óákveðin með framtíðina	2
fara að vinna	2
	90

10. Einelti eða neikvæð stríðni er hluti af samskiptum nemenda skólans.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	2,8%	9
Frekar sammála	5,5%	18
Hvorki sammála né ósammála	14,3%	47
Frekar ósammála	18,2%	60
Mjög ósammála	33,7%	111
Veit ekki/ á ekki við	25,5%	84
answered question		329
skipped question		13

11. Kynferðisleg áreitni eða klúr umræða er hluti af samskiptum nemenda skólans.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	2,4%	8
Frekar sammála	3,9%	13
Hvorki sammála né ósammála	19,6%	65
Frekar ósammála	16,0%	53
Mjög ósammála	33,2%	110
Veit ekki/ á ekki við	24,8%	82
answered question		331
skipped question		11

12. Hefur þú orðið var/vör við einelti á meðal nemenda á þessari önn?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Já, ég veit til þess	8,5%	28
nei, ég veit ekki til þess	91,5%	302
answered question		330
skipped question		12

13. Hvers konar einelti hefur þú orðið var við?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Einelti á milli nemenda	82,1%	23
Einelti af hendi kennara/starfsmanna gagnvart nemanda	17,9%	5
answered question		28
skipped question		314

14. Hefur þú orðið fyrir einelti í VMA á þessari önn eða á síðasta skólaári?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Já, ég hef orðið fyrir einelti í VMA á s.l. 12 mánuðum	2,4%	8
Nei, ég hef ekki orðið fyrir einelti í VMA á s.l. 12 mánuðum	97,6%	322
answered question		330
skipped question		12

15. Hversu oft hefur þú orðið fyrir einelti í VMA á síðustu 12 mánuðum?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Sjaldnar en mánaðarlega	30,0%	3
1-3 í mánuði	40,0%	4
3-4 sinnum í viku	20,0%	2
Nær alltaf þegar ég er í skólanum	10,0%	1
answered question		10
skipped question		332

16. Hefur þú leitað til einhvers vegna eineltisins?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Já, hef rætt það við aðila utan skólans t.d. vini og/eða fjölskyldu	44,4%	4
Já, ég hef rætt það við aðila innan skólans	11,1%	1
Nei, ég hef ekki rætt það við neinn	44,4%	4
answered question		9
skipped question		333

17. Ég get fengið persónulega aðstoð (t.d. vegna veikinda, líðan) frá aðilum innan skólans ef ég þarf á því að halda.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	19,9%	64
Frekar sammála	28,0%	90
Hvorki sammála né ósammála	15,0%	48
Frekar ósammála	7,8%	25
Mjög ósammála	8,4%	27
Veit ekki/ á ekki við	20,9%	67
answered question		321
skipped question		21

18. Ég veit til hverja ég á að leita með erindi er varða nám mitt t.d. í tengslum við réttindi og skyldur, námsval og námsframvindu.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	40,3%	129
Frekar sammála	34,1%	109
Hvorki sammála né ósammála	10,3%	33
Frekar ósammála	7,2%	23
Mjög ósammála	4,4%	14
Veit ekki/ á ekki við	3,8%	12
answered question		320
skipped question		22

19. Ég hef fengið upplýsingar og/eða aðstoð frá eftirfarandi aðilum í tengslum við námsval mitt (mátt merkja við fleiri en einn möguleika):

Answer Options	Response Percent	Response Count
Kennslustjóra	22,9%	73
Umsjónarkennara	31,7%	101
Brautarstjóra	37,6%	120
Afangastjóra	23,8%	76
Námsráðgjafa	45,1%	144
Kennara	30,4%	97
Notað upplýsingar af heimasíðu skólans	31,7%	101
Hef ekki þurft aðstoð við námsvalið mitt	14,7%	47
answered question		319

20. Hvernig finnst þér best að fá almennar upplýsingar/fréttir um VMA? (mátt merkja við fleiri en einn möguleika)

Answer Options	Response Percent	Response Count
Á heimasíðu VMA	70,9%	224
Í gegnum Facebook-síðu VMA	23,4%	74
Með tölvupósti á VMA-netfangið mitt	66,5%	210
A pappírformi	12,7%	40
A Moodle-vef VMA	16,8%	53
answered question		316
skipped question		26

21. Mér finnst að nemendur hafi áhrif á ákvarðanatöku í skólanum

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög sammála	6,0%	19
Frekar sammála	15,8%	50
Hvorki sammála né ósammála	37,9%	120
Frekar ósammála	12,9%	41
Mjög ósammála	8,2%	26
Veit ekki/ á ekki við	19,2%	61
answered question		317
skipped question		25

22. Hvernig geta nemendur komið að ákvaðanartöku innan skólans?

Answer Options	Response Count
	116
answered question	116
skipped question	226

Fjöldi

Með kosningum/atkvæðagreiðslu/á vef, Moodle eða Facebook	35
Veit ekki/hef ekki hugmynd	31
Í gegnum Þórdunu/nemendaráð sína áhuga samvinna með kennara, nemendaráðið Vera með vinum í áföngum Námsráðgjafa/Umsjónakennara Ekki Eyðilegja gryfjuna.	12
Það veit ég ei hve þess spurning er komin frá þér	
Það myndi aldrei virka, flestir nemendur myndu koma með fáránlegar kröfur eða tillögur sem ekki er hægt að uppfylla.	

með því einmitt að vera með svona kannannir. Þeir fáu sem nenna að taka þátt geta haft áhrif, þeir sem taka ekki þátt vilja greinilega ekki hafa nein áhrif.

**Bera það undir kennara eða koma því í verk sjálfur
Stjórnendur gætu spurt nemendurna hvað þeir vilja gera.**

Þeir geta hætt að vera tregir og byrjað að hugsa aðeins um almenn mál. Ekki bara eigin hagsmuni.

leyfa þeim að segja sína sögu svo ekki komi upp sama staða og síðast vor þegar dimmeteringinn var stöðvuð og öllum refsað fyrir fíflaskap sem aðrir voru með í staðin fyrir að vísa þeim í burtu

leyfa þeim að taka þátt meira

með því að það sé hlustað meira á þá

ég veit það ekki það er mjög sjalda talað við okkur

Komið með óskir um hvar er þörf og vöntun

Með hegðun sinni

Láta nemendur semja þessar spurningar og taka mark á svörum þeir ættu að geta farið til kennara eða aðra starfsaðila og rætt um ákvarðanir eða þvílíkt og þeir eiga að koma því til skila til einhvers sem getur gert meira í málunum ef að sá aðili sem rætt er við getur það ekki.

Við að ákveða hvað?

Sem aðhald fyrir kennara. Og þá meyna ég að kennara fái ekki að Staðna í vinnu sinni vegna þess að það bytnar á nemendum

Gera svona könnun í tímanum, á blaði, svo allir neyðast til að taka, myndi giska að margir hverjir sleppa þessu á netinu og kíkja ekki einusinni á það.

betra samband milli kennara og nemanda,, þá helst nemendafélagið Held að það sé ekkert gáfulegt að nemendur komi að ákvarðanatöku innan skólans.

Það geta verið fleiri kannanir svipaðar og þessi um hin og þessi málefni sem snúa að bæði nemendum og starfsfólki VMA. Þannig getur skólinn séð hvað það er sem nemendurnir og starfsfólkið vilja og tekið ákvörðun út frá því. Þá verða allir ánægðir með þá ákvörðun:)

Mætti hlusta betur á þær hugmyndir sem nemendur skólans hafa og ræða þær betur.

Stofna eitthvert nemendaráð, þá ekki nemó sem er núna heldur 3-4 einstaklinga sem funda reglulega með Hjalta og Sigríði og geta komið með hugmyndir hverju má breyta og bæta í námi skólans, ekki bara félagslífínu.

Með því að hafa gott samstarf við kennara

Mætt á fundi eða eitthvað

Talað við starfsmenn skólans

Með því að taka virkari þátt

Aðalega að þeir fái færi á að tjá sig þannig að tekið er tillit til þess sem þeir hafa fram að færa. Hef ekki tekið eftir því að að það sé gert.

skólinn gefi nemendaraðinu meira vald yfir sínum eigin viðburðum svo þau geta gert meira.

23. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu bókasafns VMA?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög ánægð(ur)	43,9%	138
Frekar ánægð(ur)	30,3%	95
Hvorki ánægður(ur) né ónægð(ur)	10,5%	33
Frekar óánægð(ur)	0,6%	2
Mjög óánægð(ur)	0,3%	1
Nýti mér aldrei þjónustu bókasafnsins	14,3%	45
answered question		314
skipped question		28

24. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu skrifstofu VMA?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög ánægð(ur)	25,2%	79
Frekar ánægð(ur)	43,5%	136
Hvorki ánægður(ur) né ónægð(ur)	17,6%	55
Frekar óánægð(ur)	5,4%	17
Mjög óánægð(ur)	0,6%	2
Nýti mér aldrei þjónustu skrifstofunnar	7,7%	24
answered question		313
skipped question		29

25. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu mötuneytis Lostætis í VMA?

Answer Options	Response Percent	Response Count
Mjög ánægð(ur)	18,8%	59
Frekar ánægð(ur)	23,2%	73
Hvorki ánægður(ur) né ónægð(ur)	17,8%	56
Frekar óánægð(ur)	12,7%	40
Mjög óánægð(ur)	15,9%	50
Nýti mér aldrei þjónustu mötuneytisins	11,5%	36
answered question		314
skipped question		28

26. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð (ur) ertu með þjónustu Heimavistar VMA og MA

Answer Options	Response Percent	Response Count
Er ekki á heimavist VMA og MA	63,5%	197
Mjög ánægð(ur)	6,5%	20
Frekar ánægð(ur)	7,4%	23
Hvorki ánægður(ur) né ónægð(ur)	16,5%	51
Frekar óánægð(ur)	2,9%	9
Mjög óánægð(ur)	3,2%	10
answered question		310

27. Það sem þér finnst jákvæðast (styrkleikar) í VMA!	
Answer Options	Response Count
	178
<i>answered question</i>	178
<i>skipped question</i>	164

Fjölbreytileiki í námi/ fjölbreytni í skólanum **17**

Góðir kennarar **7**

Haldið utan um flesta innan skólans

að maður getur verið maður sjálfur... klætt sig einog maður vill og þarf ekki að láta e-h "grímu" á andlitið og þykjast vera e-h annar en maður er.

góðir kennarar á náttúrufræði braut

Mjög stór skóli og mikil fjölbreytni, Skemmtilegir val áfangar og kennararnir oftast mjög fínir. Námsráðgjafarnir og sálfræðingurinn að standa sig mjög vel.

Félagslífið.

gott félagslíf.

Fjölbreytileiki, mikið í boði sem er frábært fyrir svona stað.

Allir kennarar hafa verið æðislegar manneskjur

Það er reynt að koma til móts við nemendur, áfangaval er gott

Góð aðstoð hjá námsráðgjafa.

Margt sem er jákvætt

Hjálpsamir kennarar

ekkert bekkjarkerfi

ekkert sérstakt

Sumir kennarar leggja það á sig að nemendur nái því sem er verið að tala um

Fjölbreytileiki námsins, hér er allt í boði.

Allur skólinn yfirhöfuð er jákvæður

vinir mínir

Sveigjanleiki kennara, allavega á vélstjórnarbraut.

Allir passa inn í skólan enginn er útundan (nema hann vilji það) frábærir og þolinmóðir kennarar. Gott starfsumhverfi. Kennarar tilbúinir að gera allt fyrir nemandan

allt saman

Listnámsbrautin!

Að það passa allir í þennan skóla. Fyrir mér er þessi skóli bara mjög fínn :))

Að maður geti stjórnað náminu sjálfur

Maður getur sinnt náminu á sínum eigin hraða

góðir kennarar á rafdeild

Svo mikið val og frelsi.

Kennararnir nr 1.,2. og 3.

góðir kennarar, fjölbreytt nám og komið til móts við mismunandi þarfir hvers og eins.

Að það virðist vera almennur vilji að nemendur fái sem mest útúr náminu og kennarar og starfsfólk eru sveigjanleg þegar kemur að veikindum og óhjákvæmilegum fjarvistum.

Góðir kennarar á vélstjórnarbraut, andrúmsloft gott

að það sé boðið i mörg nám.

það er boðið uppá margar tegundir af námi.

góð bygging

Þú getur verið mjög frjáls gagnvart náminu

Hef kynnst marga hér og eignast góða vini

maður getur verið maður sjalfur

verklegt fag

veit ekki

allir sem vilja koma í VMA fá tækifæri til að sýna sig

eg hef eignast marga vini hér

jákvæður andi

Maturinn

jei

Kennarar fjölbreytni

Maturinn.

Félagslífið og andinn.

að þetta sé heilsueflandi skóli

ég veit það ekki

Nýr skóli

Verklegt nám.

Mikið frið.

færð frelsi i naminu og færð tækifæri a að vinna i höndonum ekki bara bækur

Góðir kennarar. Sérstaklega í verklegum greinum, vélstjórn, rafvirkjun og stærðfræði.

Allt mjög gott

áfangakerfi, verklegur skóli, einfaldur

allt

flestir kennarar sinna sínu starfi mjög vel

Lengra sumarfrí en í MA. Bókasanið er þæginnlegt og kósý

Kennaranir á listnámsbraut eru í heimsklassa á alla vegu.

kennarar vélstjórnar

veit ekki,er bara í einu fagi

Gott starfsfólk sem vinnur hér og mér finnst ekkert ábótavant við starf þeirra, er yfir höfuð mjög ánægð með verkmenntaskólann

mötuneytið, kennaranir og námið

Enginn er eins.

Frjálslegt umhverfi.

frelsi! madur getur audveldlega verid madur sjalfur :)

Bókasafnið er yndislegt. Skólastofurnar eru flottar og hreinlegar.

Kennararnir vita yfirleitt hvað þeir eru að gera.

Maður er ekki bara "kennitala" í augum starfsmanna og kennara - jákvæð, persónuleg þjónusta og viðmót er aðalseinkenni skólastarfsmanna.

veitiggi

Áfangakerfi, hjálpsemi kennara, miðvikudagsdæmið

Nemandaráðið

marginir áfangar, mikil fjölbreytni, jákvætt og opið andrúmsloft að flestu leiti. Ekki stíft nám, alltaf lagi að falla, engin svaka pressa til að fara í skólann.

góð kennsla og þjónusta fyrir þá sem sækja sér hana

Frekar auðvelt nám sem allir ættu að geta komið sér í gegn um

Ég get ráðið sjálf í hvaða fög ég fer, hversu mörg og mikil fjölbreytni í boði. Starfsmenn ávallt tilbúnir til að hjálpa manni.

Andrúmsloftið er gott og í skólanum getur maður verið maður sjálfur án þess að vera mikið dæmdur, ekki eins og í MA þar sem ef þú passar ekki í kassann þar þá ertu bara útskúfaður.

ekkert

Mér finnst kennararnir og annað starfsfólk standa sig með þryði og mér hefur sjaldan liðið eins vel í skóla og ég geri í VMA.

Vinnuaðstöðurnar eru frábærar og það er alltaf hægt að fá aðstoð þegar eitthvað bjátar á.

Breytilegt nám.

Reynt er að hafa gott félagslíf

Mér finnst skólinn frekar finn allt í allt margt hægt að prufa svosem finir kennarar marginir.

Fjölbreytileikar, og að maður kynnist mörgum sökum þess að ekki er bekkjarkerfi

Ekkert

Gott einingakerfi.

hvað námið er persónubundið

Verklegu brautirnar

Félagslíf hefur batnað í skólanum, mjög aðgengilegar upplýsingar út um allt, heimasíðan mjög góð, hreinlæti hefur líka farið stórbatnandi.

Hæfilega marginir, nær að vera persónulegt þrátt fyrir það hversu stór skólinn er.

líður vel

Fjölbreytni! bæði í nemendum og kennurum og námi.

er einginn

fjölbreytt kennsla, ekki bara bóklegt.

Þarft ekki að fylgja bekk og tekur þinn eigin tíma í námsleiðinni.

Skemmtilegir kennarar.

Góðir kennarar og starfsmenn

Hvað nemendaráðið er að koma sterkt inn. Kennarar eru duglegir að svara tölvupósti (almennt séð) og geta leiðbeint manni.

Kennararnir eru frábærir og allt starfsfólk er kurteist

fjölbreytt námsval og frábærir kenarar

Almennt góð samskipti milli kennara og nemenda, mér finnst frábært að farið sé að selja kleinuhringi og önnur sætindi í sjoppunni og hádegismaturinn er fín.

Kennarar persónulegir (sem ég hef komist í kynni við) og gott námsframboð.

Auðvelt aðgengi að kennurum

Víðsýni, frelsi eða breydd.

Góður skóli sem hægt er að mæla með

**Hægt að byrja í námi þar á hvaða aldri sem er
Ég get valið sjálf hvað ég læri, hvernig og á hvaða hraða.**

Kennarar. og skemmtilegt fólk

Kennarar góðir, jákvæðir og alltaf að reyna að finna verkefni sem gera áfangana skemmtilegri og ahugaverðri..

Það sem mér finnst jákvæðast við VMA er að það þarf ekki að þykjast neitt. Hér er hver til þess að læra og gera það sem hann vill. Það eru góðir kennarar við skólann sem leggja sig alla fram við að hjálpa nemendum og kenna þeim. Ólíkt MA leggur VMA sig fram í að nemendur læri frá kennurum en stundi ekki sjálfsnám því að við höfum ekki grunninn sem þarf þegar við erum í framhaldskólum og maður getur ekki stundað sjálfsnám ef að maður skilur ekki stakt orð.

fær að velja sjálfur mikið

Að það sé ekki bekkjakerfi og að því leiti er hægt að klára námið á sínum hraða.

Góðir kennarar.

Nemendur stjórna náminu sjálfir, sem er stærsti kosturinn. Úr mörgu er að velja sem opnar fleiri möguleika fyrir fjölbreytilega nemendur. Svo eru þessir vatnshonar úti um allt frábærir.

Fjölbreyttur og góður skóli :)

Þægilegt skipulag á náminu og góður andi innan nemenda og kennara.

Auðvelt að tala við flesta kennara um hluti þeir hafa áhuga á hvað maður vill læra

Æðislegir kennarar

Skólinn reynir alltaf að bæta sig, myndi segja að þetta sé stærsti kosturinn.

Að námið er fjölbreytt og námið ekki of þungt

fjölbreytnin og góðir kennarar í flestum tilfellum. Bókasafnið

kennarar liðlegir ef það eru veikindi

Fjölbreytni náms, ekki bekkjakerfi

Félagslífið og kennslustindir

Áfangakerfi

Maður getur verið maður sjálfur. Það er auðvelt að leita að aðstoð við hvað sem er ef þess þarf. Það eru allri alltaf tilbúnir að hjálpa hinum, og þá sérstaklega núna þegar jeppaeigendurnir draga annan hvern bíl úr sköflum í kringum skólan:). Og skólinn undirbýr mann vel fyrir það sem maður koma skal í lífinu, óháð því á hvaða braut maður er.

Alltaf hreint og snyrtilegt og góður matur

Ekki hugmynd þetta er bara fyrsta önnin min her i vma

Frjálsræðið í hraða.

Námsráðsgjafar og kennarar mjög góðir. Persónulegt þrátt fyrir stærð skólans. Stórt og gott bílastæði. Mjög góðir námsmöguleikar og gott að flétta náminu saman.

Skólinn byrjar á góðum tíma. Sér hraði í námi sem hendar flestum.

Stór skóli, flestir kennarar góðir, frjálst námsval.

Tað er ekkert einelti og allir eru alltaf hressir. Tað eru góðir og skemmtilegir kennarar.

Að það starfi góður sálfræðingur í VMA
Auðvelt að fá hjálp ef manni vantar hana. :)
Gott upplýsingarkerfi, fínir kennarar
Að allir hafi aðgang að sálfræðingni og það sé frítt. Finnst það mjög jákvætt þróun og finnst að fleiri skólar ættu að gera slígt hit sama. Hef sjálf þurft að leita til sálfræðingsins og finn mjög gott að tala við hann.
Áfangakerfi.
Góður andi innan skólans og kennarar upp til hópa fínir.
Börkur og jóhannes fyndnir, skemmtilegir og góðir kennarar halda mann við námið og hvetja mann áfram þeir skilja nemendurna. Fáir kennarar geta gert það.
Listnámsbrautin, kennarar eru yndislegir, en líka á fleiri sviðum.
Fjölbreyni, frjalslyndi og kennarar
Margir góðir kennarar og starfsfólk, góð aðstaða.
Gott að geta valið sjálfur áfanga og stjórnað námshraða. Kynnist mörgum. Flestir til í að hjálpa ef eitthvað vantar.
Góðir kennarar og skipulagt nám
Áfangakerfið og starfsfólk
Námið er krefjandi
Líkar vel við allt starfsfólkið hér og hef alltaf gert. Það er kurteist, flest tilitsamt og það er duglegt að hrósa og ýta manni áfram í að standa sig með þryði
sumir kennarar eru mjög góðir, en ekki allir sveiganleiki í námi
Ódýrt nám og góð fjölbreytni

28. Það sem þér finnst að mætti bæta í VMA!	
Answer Options	Response Count
	191
<i>answered question</i>	191
<i>skipped question</i>	151

Félagslífið **11**
Veit ekki **11**
hafa bjartara í skólanum miiikið bjartara það er svo dimmt og þungt loft, það dregur mig og veit að það dregur marga vini mína líka niður, ef það er bjartara þá er maður meira vakandi og ferskari. og líka maturinn ég fer aldrei í mat því þetta er ekki boðlegt maður er að borga morðfjár fyrir ekki neitt, lostæti þið getið betur en þetta og þið vitið það...!
Mætingakerfið
Þyrfti kannski stundum að vera aðeins persónulegra, kennarar mættu leggja aðeins meira á sig til að tengjast nemendum sínum.
af mínu mati þarf ekki að bæta neitt.
félagsandi, virkni

Það mættu vera gluggar á byggingunni... grínlaust, eða bjartari ljósaperur. Ég finn fyrir mikið meira skammdegilspunglyndi í skólanum. Einu staðirnir þar sem dagsljós kemst inn er á bókasafninu og ganginum við M-salinn. Það ættu að vera sér undirfélög nemendafélagsins fyrir hverja braut/svið, verknámsbrautirnar eru farnar að gera þetta sjálfar óopinberlega. Of mikill fjöldi nemenda innan skólans til að svona lítið nemendafélag geti haldið uppi félagsstarfsemi fyrir alla. Félagslíf getur verið góður hvati fyrir námið. Þetta nemendafélag er eiginlega bara brandari. ekki hugmynd.

E.t.v. félagslífið en ég er ekki nógu virkur

Mötuneytið, það er sjaldan góður matur og hann er mjög dýr

Meiri pening fyrir Listnámsbrautina!

Að bæta möturneytið og bjóða uppá betri valkosti sem snúast ekki allir um heilsumat og bjóða uppá fjölbreyttari mat og drykki.

maturinn

Félagslíf, punktakerfið??

Mjög mikill kuldi í öllum skólanum alla önnina og dýr sjoppa.

Engar íþróttir fyrir þá sem æfa íþróttir og líka. Að nýnemar hafa jafn mikin rétt á að taka spænsku of þýsku og aðrir það er fúllt að ég sem er nýnemi getur ekki tekið túngumál á næsta önn.

Meiri úrval í mötuneytinu og fleiri handavinnu námskeið eða matvælanámskeið

Betra mötuneyti, betri mat og ekki svona dýrt.

færi lokapróf eða gilda minna, kennara viti hvar veikleikar og styrkleika nemendur eru, betri bækur og kennarar fari í endurmenntun.

Kennarar sýna miklu meiri jákvæðni og tillitsemi.

-Mötuneytið og hádegistíman, hann er of stuttur og ef maður tekur ekki með sér nesti þá neyðist maður til þess að versla við þessa okurbúllu sem þetta mötuneyti er. Ég bít frekar á jaxlinn og klára daginn hungraður heldur en að versla þarna. Ofan á verðið finnst mér bæði skammtastærðirnar litlar og flest sem er ekki heiti réttur hádegisins ekki mjög lystugt. Nú er ég enginn tröllkarl, 175cm að hæð og 74kg, en þessar skammtastærðir eru ekki upp í nösina á ketti. Fyrir svona verð vill maður allaveganna fá magafylli. Svo annað, skólinn stærir sig á því að vera heilsusamlegur skóli en ég sé ekki betur en að meirihlutinn leiti annað til fæðuöflunar heldur en í skólan, og þá á skyndibitastaði. Svo er það félagslífið, ekki það að nemendaráð sé að standa sig illa þá held ég að það hafi ansi stutta ól. Bitur veruleikurinn er bara sá að fólk lætur seint sjá sig ef einhvað spennandi er ekki í boði. Ef það yrði almennileg böll, sem þau oftast nær eru, og fólk yrði ekki látið blása við inngang þá lofa ég því að stemningin breytist. Ekki endilega til hins illa vill ég meina. Þið eruð ekki að koma í veg fyrir það að unglingar séu að drekka með því að banna þeim að koma undir áhrifum á böllin, heldur leita þau bara einhvað annað. Væri ekki betra að leyfa það og í staðin væru nemendur í öruggu umhverfi?

Mötuneytið og alltof stuttur hádegismatur

Hádegismatartíminn má vera miklu lengri, það er eins og manni sé bara ætlað að borða í mötuneytinu í vma. ef það væru almennilegir skammtar þar þá ekkert mál en þetta er fáránlegt.

mætti vera meira krefjandi. ekki nógu mikill undirbúningur fyrir t.d. framhaldandi nám á háskólastigi og þá sérstaklega erlendis.

betri stóla...

Frítt kaffi!

Það er búið að gera við salernin þannig mér finnst ekkert meir nema kannski mætti bæta við fleirri borð í matsalnum :)

Mötuneitið er allt of dýrt.. við erum bara fátækir námsmenn !

koma aftur með Orku í sjoppuna og fleira

Það mætti hætta að gera hvert einasta verkefni að hópverkefnum og láta fólk vinna sjálfstætt af og til. Þar sem það er mjög mikill munur á hversu hart fólk leggur að sér í verkefnavinnu og bitnar því oft á þeim sem vilja ná góðum árángri.

Laun kennara, kennsluáðferðir suma kennara

HÆTTA með Heilsuskóla og bjóða uppá almennilegan íslenskan heimilismat !!!!

gera við göt í þaki (það lekur inn í skólann).

fólkið

fylla uppí gryfjuna

meira félagslíf

aðeins meira félagslíf

Kennslan

Fylla uppí gryfjuna.

Manga bækur í Bókasafnið

lögurinn á húsinu er virkilega óraunhæf. Þið hefðuð geta sparað pláss með því að hafa þetta meira kassalaga eða eitthvað.

selja meira nammi

fleiri staðir til að setjast og sófar á göngum

eingar eiður

leiðinlegt að vakna

Fyrirkomulag í bóklegu námi, en ég býst við því að það séu draumórar í jafn stórum skóla og VMA.

Hópverkefni er líka hlutur sem er allt of algengur. Svoleiðis verkefni eru alveg á mörkum þess að geta gengið þegar að fólk sem að þekktist ekkert og hefur engin samskipti utan skóla eiga að vinna saman.

Meira upplýsingar.

ekkert sérstakt

Það mætti bæta tölvukerfið, t.d setja inn möguleika á að kennslustundir séu teknar upp að einhverju leiti þannig að hægt sé að horfa á það heima hjá sér eftir að heim er komið. Það myndi stórbæta kennsluna.

Mætti draga úr verði á mat í mötuneytinu, þessi álagning er eiginlega frekar mikið rugl.

félagslífið, lækka verðið í sjoppunni, breyta álitinu á gryfjunni

meira klubbar

Mötuneytið

Meira upplýsingaflæði til nemanda

aðstöðu fyrir verklegt nám í vélstjórn til dæmis KÆL-402

mér finnst að það þurfi að koma með fleiri upplýsingar um skólann, t.d. þá er ég að koma í VMA eftir eitt ár í öðrum skóla og þar sem að ég var ekki nýnemi í VMA var mér ekki sagt neinar gagnlegar upplýsingar um skólann. Ég veit ekkert um hvar allt er og margt fleira

mér finnst vanta MEIRA FÉLAGSLÍF !!!

Ekkert sem mér dettur í hug :)

Að nemendur kynnist, séu meira saman og byggi upp stolt t.d. eins og MA

Uppákomur, tþd einhverskonar hittingur meðal nemenda

Tækjakost málmíðnadeildar

Mætti vera meira félagslíf.

annað mótuneyti. Af hverju þarf allt að vera svona dýrt í mótuneytinu, það þarf þess bara alls ekki. Við erum bara fátækir námsmenn! ég kaupir mér alltaf að drekka í sjálfsölum frekar en í mótuneyti því það er MUN ódýrara til dæmis.

mótuneytid!

Taka meira tillit til veikinda nemanda sem koma með vottorð.

Mér finnst mætingarkerfið vera fáránlegt.

Prófdagarnir eru óþægilegir.

Mótuneytið er allt, allt, ALLT of dýrt !

Félagslífið, og kennslu

Ódýrari matur!

Fleiri borð í matsalinn, félagslífið og bæta við viðburðum og lengri tíma til að vera læra í skólanum eftir skóla.

Hegðun kennara í garð nemendur. það er ákveðnir kennarar sem mætta allt af seint í tíma

Ekki hafa sálfræðinginn á þannig stað að allir séu að glápa á mann þegar maður fer, t.d. á ganginum.

gera Stærðfræði hagnýtari

matinn

mótuneyti alltof dýrt fyrir námsmenn ! starfsmenn skrifstofu

dónalegir og þjónustulund ekki til staðara á nokkurn hátt!

Mótuneytið

stundum mætti bæta upplýsingaflæði þegar brot verður á kennslu,

t.d. vissi enginn hvort það væri frí á nýnemahátíðinni

mætti bæta kennslu, kennarar eru mjög mismunandi og margir

frábærir, en hef lent í of mörgum kennurum sem geta ómögulega

haldið sig við námsefni og nýta engan veginn tímann í kennslu sem

kemur þá niður á manni þegar maður fer í háskóla. Ég tel að maður sé

illa undirbúinn í háskólanám í því sem ég hef verið að læra vegna

þessa. Væri hægt að kenna manni mikið meira og undirbúa mann

betur, og veit það er betra í öðrum skólum. Svo mætti breyta

mötuneytinu aftur í sitt fyrra horf og hætta þessu heilsudrasli, veit það

eru allt of margir nemendur sem sleppa því að borða í skólanum því

maturinn í mötuneytinu er ekki góður og allt of dýr

bílasprautun

Mötuneytið

Húsnæðið er ómögulegt, t.d allt of þröngir gangar, margar stofur loftlausar.

allt

Mér finnst maturinn í skólanum vera full dýr. Þjónustan er samt góð og maturinn er yfirleitt frábær.

Skoða betur kennsluhætti kennara og áhuga þeirra á því námsefni sem eru að kenna

matartímin mætti vera lengri

Jákvæðni kennara.

Það mætti vera meiri stuðningur við fólk sem er af öllu mætti að klára námið en á í miklum erfiðleikum með það sökum andlegrar veikinda og fl.

Aldrei sæti í matsalnum, hann þarf að vera stærri og kennarar þurfa að hafa þetta meira persónulegt

mér finst sumir kennarar alltof leiðilegir, eins og um daginn var eg að hlusta á tónlist ekki hátt en ekki það látt heldur en það kom kennari út úr stofunni og sagðist ætla henda simanum minum í klósetið ef eg myndi ekki slökva á þessu, annað dæmi gerðist í íslensku tíma þegar nokkrir nemendur voru með læti sem var reyndar mjög pirrandi en kennarinn öskraði yfir bekkin að við ættum ekki að láta eins og við værum enn þá í leikskóla sem er kannski ekki móðgandi en mjög leiðilegt að sjá hvað sumir kennarar eru með stórt skap.

uppákomurnar

Allt

Það mætti setja forritunarbraut eða svið svo fólk þurfi ekki að fara suður í tækniskólan. OG SETJA KVIKMYNDASVIÐ Á FOKKING LISTNÁMSBRAUT.

Mér finnst að ég ætti að geta keypt gos í skólanum

Meiri félagslíf og viðburði

verklegt nám

Algjörlega þá sem eiga í erfiðleikum með nám, mér finnst ekki vera gert nóg af því í þessum skóla. Ég er einn af þeim.

Mötuneytið finnst mér ekki gott. Maturinn þarna er ekki endilega vondur, en hann er heldur ekki spennandi oft á tíðum auk þess sem hann er rándýr! það er verið að okra þ.vílíkt á skólafólki.

ekkert sem ég man í augnabikinu

sms ef að fyrsti tíminn fellur niður! :P

og ekki bara í VMA heldur allstaðar að það séu meiri umræður í tímum og minna af því að sitja og hlusta á kennarann tala, maður missir athyglina eða þarf að þröngva sér inn í ræðuna hjá kennaranum til að spurja ef þú skilur ekki.

að selja í mótuneytinu sætt eins og kók og svolleiðis,

og þegar maður er veikur þá þarf maður ekki að skila vottorði og maður fær bara veikindi og maður verður ekki rekinn fyrir að vera veikur...

Vera jafn framsækin og aðrir skólar, mikil munur á milli verknáms í öðrum skólum og vma

Sumir kennarar mættu opna hugann fyrir breyttum aðstæðum nútímans. Ekki vera endalaust að hamra á því að við séum gagnslaus, einbeita sér að því að KENNA en ekki eyða hálfum tímanum í að skamma nemendur sem vilja ekki fylgjast með og eru í símanum. Það er óþolandi að þurfa að gjalda fyrir það. Nemendur bera ábyrgð á sér sjálfir, þetta er ekki grunnskóli lengur og ósanngjarnt að þurfa að fórna tímanum í skammir til einstakra nemanda þegar maður er sjálfur að glósa og fylgjast með. Þetta gerir það að völdum að maður missir einbeitinguna og gleymir sér.

Óhollari mat takk fyrir

Tillit til veikinda

Betri tilkynningar á því sem er frammundan, eins og þegar var verið að selja peysurnar hefði alveg mátt auglýsa það aðeins betur, segja hluti í gegnum kallkerfið líka ekki bara setja á skjáinn.

MÖTUNEITID ER ALLTOF DÝRT VIÐ ERUM NÁMSMENN OG ÞAÐ ERU EKKI ALLIR SEM VINNA OG ÞAÐ MÁ BARA ALVEG LÆKA ÞAÐ ÞETTA ER BARA BULL!!!!!!!!!!

Sumir starfsmenn Lostæti eru dónalegir.

Mætti vera ábendingraskja á Moddle eða heimasíðu sem hægt væri að koma með allskonar athugasemdir og óskir.

Bílastæðin alveg hiklaust, bæta við kennurum sem nenna að sinna starfinu sínu og henda þeim gömlu út sem eru alveg að segja sitt síðasta með áhugann á því sem þeir eru að gera og láta það bitna á nemendum sínum!!

Ekki hafa mætingarskyldu fyrir eldri nemendur td.

Í skóla á að vera skólamötuneyti... ekki einkafyrirtæki rekið með gróða í huga. Ég vil geta keypt mér mat í skólanum. Hvað er málið með að vilja ekki lána manni glas undir vatn eða hnífapör? - bara fánlegt.

Ódýrara mötuneyti. Minni fordómar milli námsbrauta

Strángari kennurum ef einhver er með læti eða derring í tíma að henda þeim út. hætta að vera með mætingar að láta mætingar hafa áhrif á einkun bara fánlegt

Félagsleg samskipti, vantar viðburði til að hrista nemendur saman..

Meiri áherslur á tæknigreinar og iðngreinar

Ég finn ekkert sem mætti bæta í augnablikinu.

Dýrt mötuneyti

Hádegishléið þyrfti að vera lengra og þó maturinn í mötuneytinu sé rosalega góður þá er hann of dýr fyrir fátæka námsmenn, sérstaklega samlokur og þess háttar.

Heimanámstímar fyrir einingar myndu bæði halda betur utan um nemendur og ýta undir betri námsárangur, og auka tækifæri nemenda til að kynnst sín á milli. Það er alkunna að félagslífið í VMA er varla með lífsmarki og kannski er spurning að reyna að efla það innan brauta og deilda fremur en alla heildina þar sem nemendur eru allt of margir til þess.

Fleiri áfangar og að það þurfi ekki undanfaraáfanga sem tengist ekki beint þeim áfanga.

Fá meira félagslíf

Mögulega félagslíf, það er kannski vandamál sem liggur hjá nemendum

Laga Gryfjuna,

Þeir kennarar sem mæta bara í vinnuna og eru staðnaðir, Nenna þessu ekki

Meira félagslíf

Sleppa heilsueflandi framhaldsskóla.

Skólameistarinn.

Já, fá gamlar samlokur aftur, þessar núna eru bara eitthvað brauð og allt hent oná, ekki girnilegt né gott né flott ... mjög óánægður. Erú menn farnir að pæla í útliti en ekki hvort samloka sé bragðgóð og stór? .. þetta er orðið eitthvað lítið og skrytið. Bara verð að kvarta, vonandi einhver taki mark á þessu, svo eru þær eiginlega blautar .. hver vill borða blautt brauð, ég bara spyr.

Fordóma móti gryfjuni og þeim sem sitja þar!!!!

"félagslífið., og meira tillit til þeirra sem að eiga í erfiðleikum með nám

mætti selja gos

Lækka verð í mötuneyti

Mötuneytið. Þetta er rándýrt og eiginlega bara hollustu fæði sem er ekki fyrir alla .. ég er t.d. með ofnæmi fyrir svona kornbrauði og get þess vegna ekki keypt mer pepperoni stykki eða neitt svoléiðis.

Gera matinn aðeins ódýrari

Kvenna salernið inn á c-gangi. Klósettsetan á klósettinu sem er nær hurðinni er að detta af!!

Sófa

Sófum

hægri umferð á göngum. Stundum erfitt að komast á áfangastað útaf margmenni sem safnast saman á göngum.

MOKA bílaplan VMA á veturnar.

Betra mötuneyti þar sem þú þarf hvorki að borga fyrir vatnsglas og hnífapör, einnig ódýrara þar sem ekki allir námsmenn hafa efni á að kaupa sér nesti/hádegismat sem kostar meira en augun úr.

Mætti hita skólann meira vegna kulda og einangra stofur betur svo maður sé ekki truflaður af nemendum/kennurum í stofum hliðiná.

Fleiri símatsáfangi, þar sem 50-70 lokapróf er MJÖG mikið.

Meiri og skýrari upplýsingar hjá matarneyt. Hvað er til og hvað allt kostar, aðens lægra verð á því. Birtar upplýsingar í grifjuni birta líka á skjánum í skólanum. Það mætti líka hengja upp töflur far sem koma fram úpplýsingar um aðsoð og fjónustu eins og hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, o.f. Upplýsingar um viðtalstíma og staðsetningu.

WC á vélstjórnarbraut

Mötuneytið

MÖTUNEYTI HRÆÐILEGT! mætti fara skifta um rekstraraðila þetta er ekki að borga sig!

Stækka í matsalinn, losa okkur við þessa gryfju, fá hollari samt sem áður góðan mat í sjoppuna og setja arionbanka hraðbanka, bæta hárgreiðslubrautaraðstöðuna þar sem hún er einfaldlega alltof lítil.

Mér finnst mötuneytið ekki nógu gott bæði hvað fjölbreyttin er lítil og hvað það er dýrt. Mér finnst að það ætti að vera meiri hollust í boði.

Glatað félagslíf og ekki tekið til greina það sem nemendur hafa að segja.

Mötuneytið sem er allt of dýrt. Mætti setja upp salatbar.

Laga þarf tungumálakennsluna þ.e.a.s breyta henni alveg. T.d.

Hvernig byrja börn að læra tala. Kennum því orðaforða, hann þarf ekki að vera málfræðilega réttur bara skiljanlegur og sannur. Byrja áfanga 103 og 203 þannig, enginn lokapróf eða láta þau gilda minna (fleiri skila/tímaverlefni) og leyfa aftur orðabók (ómögulegt án hennar).

Aðalega munnleg og skrifleg kaflapróf. Svo fara yfir í rétta málfræði (föll og hætti) í 303 og 403. Því voða fáir hugsa um málfræðina þegar þau tala, annað hvort er það rétt eða rangt orðað. Það er alveg ómögulegt að reyna læra tungumál ef þu ert að nálgast 18-20 ef þu ert ekki undir stanslausu áreiti af málinu.

Félagslífið, Maturinn í mötuneitinu

Lækka verð á því sem selt er í mötuneytinu.

Félagslífid og skólann sjalfann hann er mjög dauður

Matsalurinn er of lítill að mínu mati.

Lengra hádegishlé og ódýrara mötuneyti

Matarhlé lengra...

Klárlega alltof dýrt í mötuneytinu svo að ég versla nær aldrei þar. Námsmenn hafa ekkert efni á að kaupa sér mat þarna á hverjum degi! Finnst að skólinn mætti vera hlýlegri..er frekar hrár

Mætti bæta mötuneytið og mokstur á planinu :)

Finn fátt að, að svo stöddu. Kannski reyna að lækka kostnað við bækur og hefti frá skólanum, ef hægt :) endurmennta kennarana og tæknivæða þá aðeins

Taka meira tillit til veikinda

Starfsfólk skólans þarf að taka meira mark á því sem nemendur hafa að segja og hætta leiðindum gagnvart nemendum, veit um kennara sem leggur nemendur í einelti. Betra félagslíf.

betra mötuneyti með ódýrari mat... og minnka heilsueflandi framhaldsskólann niður í brons

Tillit til nemanda sem eru foreldrar barna (sérstaklega ungra barna). Hækka mætingarhlutfallið

borð og stólar !! endurnýja gamla kalla sem eru að kenna....

bæta við aðbúnað og tækninám

Til dæmis mokka planið áður en að nemendur mæta í skólann ekki eftir að skólinn byrjar. Ódýrari matur í mötuneytinu.

29. Ef það er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri eða bæta við þá er það velkomnið.

Answer Options	Response Count
	76
<i>answered question</i>	76
<i>skipped question</i>	266

bara eitt kennarar (ekki allir bara þeir sem vita það sjálfir) sýna miklu meiri áhuga á náminu, ég hef tekið eftir því að sumir kennarar nenna þessu ekkert.... hvernig helduru að við nenum þessu þá?

Mötuneytið er mjög dýrt. Frekar erfitt að vera námsmaður svo á maður aldrei pening fyrir mat :(

Mér finnst að það eigi að breyta skólakerfinu, hafa kennslustundirnar 60 mínútur og svo mætti fækka lokaprófum. Menntaskólinn á Ísafirði er með svona kerfi og það er frábært.

Vil að mötuneytið lækki aðeins verðið þínu dýrt að kaupa sér að borða og drekka þó það sé bara eitt lítið vinberjabox

Mér finnst bara margir kennararnir minir ekkert vera að kenna vel og ókurteisir og leiðinlegir.

Mætti vera fleiri bílastæði.

Minka kostnað á mat/drykkjarvörum.

Lokapróf verði aðgengileg á netinu.

frábær skóli

Minni hópaverkefni!

FRÍÐUR Á JÖRÐ <3

Af hverju eigum við ekkert VMA lag eða lag til að hvetja og svona, mætti vera meiri heild og svona og fleiri klúbbar

koma aftur með Orku í sjoppuna og fleira.

Almennt mjög ángæður en hæst óánægður með þetta mötuneyti á vegum Lostætis

Þjónustan er góð í Mötuneytinu, en maturinn er ekki góður !! Þetta heilsueflandi kjaftæði hefur gengið of langt. Íslenskan heimilismat, þá myndu helmingi fleiri borða þarna fylla í gryfjuna.

Það mættu vera fleiri hittingar í þórdönu

Ekki eyðilegja Gryfjuna.

vera með smokka sjálfsala

ég veit ekki

Betra kaffi!

þarf að bæta ímynd skólans,

ég minntist á það áðan. samt þykir mér ógeðslega leiðinnlegt í skólanum. en námið sjálf er svo sem leiðinnlegt sma hvar það er stundað, ekkert endilega skólinn sem að veldur því. sé smá eftir því að hafa ekki valið MA, einhvern veginn mikið betri stemmning þar og virist skemmtilegra.

Ég vill koma því á framfæri að það eru nokkrir kennarar í skólanum sem hafa virkilega veitt mér innblástur til að skrifa og hugsa eins og fullorðinn aðili.

Ráðgjöf til nemenda og réttindavarsla þeirra þegar kemur að því að verða fyrir einelti af hálfu kennarra er verulega ábótavant.

mjög sátt með þennan skóla

Hef komið flestu mínu til skila

Verðlag í mötuneytinu mætti vera lægra

Mæting. Við erum sjálfviljug í framhaldsskólum. Finnst skiljanlegt að þurfa að taka niður mætingu, en er það ekki svoldið á okkur komið að mæta? Ef við mætum ekki lærum við ekki og þá er erfiðara að ná, en að falla á mætingu? Svona í alvöru? Þessu finnst mér að það ætti að breyta. Ég er ekki héðan og fjölskyldan min er langt í burtu og dýrt að komast þangað. Ég fer ekki heim til min yfir helgi þar sem að það tekur um 8 klukkutíma fyrir mig að komast þangað, þar er einn dagur kominn sem sagt föstudagurinn, þá hef ég laugardaginn með fjölskyldu minni og svo fer ég heim um hádegi á sunnudegi. Þetta kostar um það vil 30 þúsund ef ég er heppin. Þetta er lág tala.

Það þarf engan sérfræðing til að segja mér að það sé ekki nóg að hitta fjölskyldu sína á sumrin og um jólin, þar sem það þarf að vinna á þessum tíma svo maður er varla heima. Ég get ekki verið lengur því að kannski er ég búin að vera að gleyma við veikindi og fjarvistarstigin min eru búin. Þetta finnst mer að ætti að íhuga.

Mætti taka meira a tóbaksnotkun, fynnst samt asnalegt að nemendur eldri en 18 megi ekki vera með tóbaksvörur í skólanum ef þeir eru nógu gamlir til að kaupa hvort sem er . Eitt í við bót mér finnst reyndar mjög asnalegt að nemendur úr vélstjórn hafa stóra stofu fulla af sófum sem enginn má vera í nema nemendur úr vélstjórn, leiðilegt að hafa ekki neinn stað til að leggja sig eða slaka vel á þegar maður er í eyðu, svo veit eg bara um einn annan stað þar sem er sófi og það er á d-gangi hjá starfsbrautinni og þeir eru eiginlega alltaf í honum .

Ég vil sjálfur fara út í kvikmyndir en nei. Ég verð víst bara að fá mér menntun sem tengist því nákvæmlega ekki neitt. Jei.

Það mætti vera áfylling í mötuneytinu

vera með smokka sjálfসা

Það vantar rooooooosaaaleegaaaa oft klósettpappír inná stúlnaklósettunum.. og bara pappír almennt...

að þau sem eru ekki í vma meiga vera í vma þótt þau eru ekki í vma eða í skóla. og að skólastjórinn hættir að elta mann og vera focking krípi.

Ef einstakir nemendur vilja ekki læra þá á það ekki að gjalda á okkur sem erum að læra! Þó þetta eigi aðallega við busana en það eru bara mín mistök að taka 103 áfanga núna en ekki fyrir nokkrum árum. Annars er þessi skóli yndislegur og ég get ekki ímyndað mér að vera annarstaðar.. ennpá.

Fjölbreyttara úrval af millimálum í möruneytinu.

Í heild ákaflega þakklátur nemandi fyrir námið í VMA. Frábærir kennarar og liðlegt stafsfólk sem reynir sitt besta nánast undantekningalaust.

Bara að það megi endurskoða mætingarskyldu fyrir eldri nemendur og koma þannig til móts við þá sem eru að reyna að koma sér í gegnum námið með mikilli vinnu.

Skólinn ætti að skipta sér að mötuneytinu. Þótt að þetta sé sitt hvort stofnunin þá er mötuneytið að hafa neikvæð áhrif á skólann.

Hættið með mætingar. gerði kennaran strángari í tímum....

Mér finnst að það ætti að vera frjáls mæting og það að taka niður mætingar og þurfa vera með x miklar mætingar felli niður því á endanum komið ræður þetta á lokaprófunum hvort þú náir eða ekki Að ráða sálfræðing til starfa er sennilega besta ákvörðun sem VMA hefur tekið. Þó að verulega hafi verið komið til móts við reykingafólk með reykingasvæðinu rétt fyrir utan bílastæðið þá er það ekki alltaf virt, en ég held að ef sett yrði upp reykingaskýli yrði það vel þegið af reykingamönnum skólans sem myndu þá vonandi hætta að nota hringstigann fyrir utan norðaninnganginn á rigningardögum.

Mér fynst að það mætti taka suma áfanga í gagngera endurskoðun, Og þá líka námsefnið í þeim, Og þá meyna ég helst Hjúkrunaráfangan, Samskyftaáfangan, Erum að nota þar eldgömul námsgögn sem eru óþarf lega flókin

Já fá alvöru samlokur í skólann! Takk.

Endilega að redda þessu gryfju vandamáli það er frekar særandi að vera kallaður gryfju-gerpi og svona

Þótt kennarar séu skemmtilegir og sanngjarnir þá þurfa þeir líka að hafa aga og ekki leyfa tölvunotkun til að horfa a mynd í tímum

Takk fyrir mig ;)

Mér finnst viðbjóður að afgangið fólk mötuneytisins sé alltaf úti að reykja og fari svo með puttana í mat. Þvo sér eflaust- en það er ekki málið.. reykingar og framreiðsla matar fara ekki saman!!!

Það vantar svo sofa a gangina fyrir eins og ef maður er i eyðu

Mér þinnst mjög ósanngjarn að fá fjarvist fyrir að koma ekki í skólan vegna veikindar.

Dettur ekkert í hug.

Flestir kennarar mættu passa sig á að gera ekki upp á milli nemenda.

Mér finnst þetta frábær skóli og ég myndi aldrei vilja fara í annan skóla en mér finnst ergilegt að mæta í matsalinn um hádegisleytið og finnast ég ekki geta setið neinstaðar þar sem mér myndi líða vel

Finnst þetta frábær skóli =) En mér finnst að þegar stundartöflubreytingar tíminn er þá mætti vera meira skipulag og lofta betur út. Það leið yfir vinkonu mína seinast þegar við vorum að fá að breyta stundartöflunum okkar.

Fyndist að nemendafélagið ætti að efla sína innkomu með að fá að selja kaffi í frímínútum t.d með að sjáflvirkri kaffivél.

Bekkjarkerfi fyrir brautirnar myndi auka samheldni og hvetja aðra nemendur áfram.

Það mætti endilega vera tungumálabraut í skólanum, hann er stór og eflaust margir sem myndu nýta sér þá braut.

Eg er allmennt ánægð í skólanum :) og eg er ánægð með kennarana! Serstaklega sem kennda á natturufraeðibraut

það má lækka verðið í mótuneytinu, gæðin á matnum þar standast enganvegin undir væntingum við þetta himinhá verð.

Mokka klukkan 6 planið og kanski fleiri bílastæði. Laga vatnsbrunnan sem eru hér á göngunum. Skólameistari kynnir sér mun á klámi og erótík!!!!

Bakgrunnsupplýsingar um þá sem svara könnuninni.**30. Kyn**

Answer Options	Response Percent	Response Count
Karl	43,2%	134
Kona	56,8%	176
answered question		310
skipped question		32

31. Aldur

Answer Options	Response Percent	Response Count
Yngri en 18 ára	37,5%	116
Eldri en 18 ára	62,5%	193
answered question		309
skipped question		33

32. Búseta: Vinsamlegast merkið við þann möguleika sem á við þig.

Answer Options	Response Percent	Response Count
Ég á lögheimili á Akureyri (póstnúmer 600 eða 603)	57,4%	175
Ég á lögheimili á Eyjafjarðarsvæðinu utan Akureyrar (póstnúmer 601, 610, 611, 620, 621, 625, 630, 580)	13,4%	41
Ég á lögheimili utan Eyjafjarðar	29,2%	89
answered question		305
skipped question		37